

Jarðmyndanir í Gálgahrauni Nýjar veglínur, leiðir B og C

Vettvangskönnun fór fram föstudaginn 17.9.1999 til að skoða leiðir B og C í væntanlegum Alftanesvegi. Þessar leiðir liggja talsvert sunnar en leið A og nær núverandi veglínu. Þessi könnun miðaðist einkum við þann hluta leiðanna sem liggja í nútímahrauninu Gálgahrauni.

Leið B liggur talsvert styttra norður í hraunið heldur en leið A og vegalengd í hrauni er því minni. Hún sveigir síðan norður þegar út úr hrauninu er komið og sameinast leið A nokkur hundruð metrum vestan við það. Leið C liggur enn sunnar en B og hraunvegalengdin er þar dálítið minni en í leið B. Fljótlega eftir að komið er austan úr Gálgahrauni kemur leið C inn á núverandi veglínu og heldur sig að mestu leyti við hana áfram í vestur.

Þrátt fyrir að fara lengri vegalengd í hrauninu en leiðir B og C, er hraunið í leið A ekki eins svipmikið og úfið. Í leiðum B og C er aðallega um apalhraun að ræða þó hægt sé að tala um lítinn helluhraunsfláka, um það bil miðsvegar í hraunvegalengdum beggja leiða. Hraunmyndanir á borð við niðurföll, upplyfta sprungna hóla, hrauntraðir og ýmis konar hrúgöld af völdum stíflaðra hraunstrauma er víða að finna á því svæði þar sem leiðir B og C liggja. Í leið C eru þessi fyrirbæri einna stórbrotnust og er hún erfið yfirferðar mestan hluta hraunhlutans, sérstaklega að vestanverðu.

Svipað er að segja um hinar tvær nýju veglínur, B og C, og þá eldri, leið A, að þar finnast engin einstök fyrirbæri eða jarðmyndanir sem hvergi má finna annars staðar en vissulega er þó um sérstaklega stórbrotið og tignarlegt hraun að ræða víðast á þessu svæði. Gálgahraun er mjög tilkomumikið víða annars staðar og önnur svæði gefa þessu ekkert eftir í þeim efnum, ekki síst í norðurhluta hraunsins. Með því að fara leið B eða C yrði ósnortið hraunsvæði norðan vegarins stærra en ef leið A yrði valin, og þá sérstaklega í tilfelli C, en á móti yrði farið yfir úfnara og jafnframt erfiðara hraun.

Ef litið er á Gálgahraun í heild, einkum hin svipmestu svæði þess, má flokka það sem mjög sérstaka jarðmyndun, sérstaklega með tilliti til nálægðar við byggð. Að öðru leyti er ekki um jarðfræðilega sérstöðu að ræða, öllu heldur fagurfræðilega. Við fagurfræðilegt mat á slíku hrauni virðast verðmæti aukast með vaxandi óreglu og stórbrotnu yfirborði. Ennfremur er ljóst að aukin hraunvegalengd minnkar ósnortið hraunsvæði og þar af leiðandi bæði náttúrufræðilegt og fagurfræðilegt verðmæti þess. Með þetta til hliðsjónar verður að gera sér ljóst hvaða fórn er ásættanlegust út frá umræddum kostum og göllum hverrar leiðar.

Reykjavík, september 1999
Atli Karl Ingimarsson
Hönnun hf.